

Vesturbyggð
Aðalstræti 75
Vesturbyggð 450

Reykjavík, 25. október 2024
UST202410-167/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda vegna lagningu ljósleiðara innan friðlandsins í Vatnsfirði

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Vesturbyggðar, dagsett, 18. október 2024, um leyfi til framkvæmda innan friðlandsins í Vatnsfirði.

Vatnsfjörður er friðlýstur sem friðland sbr. [auglýsing nr. 96/1975](#). Mannvirkjagerð og jarðrask og hverskonar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til lagningar á heimtaug ljósleiðara við sumarhúsið Þverá innan friðlandsins í Vatnsfirði. Um er að ræða framhald framkvæmdar sem áður hefur verið veitt leyfi fyrir árið vegna lagningu ljósleiðara á Barðaströnd. Kort sem sýnir þá leið sem til stendur að leggja ljósleiðarann frá lagnabrunni að sumarhúsinu fylgdi með umsókn. Til stendur að grafa ca 60 metra langan og 30-40 cm djúpan skurð. Áætlaður verktími væri 1-2 dagar og farið yrði í verkefnið um leið og leyfi væri gefið út fyrir framkvæmdinni. Að verkinu kæmu 1-2 starfsmenn á gröfu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar, verndargildi svæðis eða gesti. Um er að ræða svæði sem áður hefur verið veitt leyfi fyrir raski á og er innan frístundarlóðar. Mat stofnunarinnar er að rofsár muni ná að gróa sumarið 2025.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Vesturbyggð fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan friðlandsins í Vatnsfirði sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í 3 mánuði frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka gröfu/vinnutækjum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Edda Kristín Eiríksdóttir
svæðissérfræðingur